

Heillbrigðis og trygginganefnd  
Alþingis  
B/t Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Ritari

Reykjavík 17. maí 2006


**Alþingi**  
**Erindi nr. p 132/2190**  
**komudagur 26.5. 2006**

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar, 792. mál, samningar við sérfræðilækna

Það er álit stjórnar Félags íslenskra öldrunarlækna að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér séu gerðar til skapa lagastoð fyrir þegar gerðum breytingum á reglugerð varðandi tilvísunarákvæði til hjartalækna. Með hinu breytta fyrirkomulagi er öldrunarlæknum og öðrum sérfræðingum gert ókleift að vísa skjólstæðingum sínum til hjartalækna nema með viðkomu hjá heilsugæslulækni, sem bæði skapar bið, viðbótar kostnað og fyrirhöfn. Þá hafa engin fagleg rök komið fram sem sýna fram á nauðsyn þess að tilvísun frá heilsugæslulækni sé þörf sérstakleg til hjartalækna en ekki lækna annarra sérgreina. Þá er mikilvægt að tryggingarétti landsmanna og ekki síst eldri borgara sé haldið á lofti, en hið breytta fyrirkomulag skerðir rétt þeirra sem fara til hjartalækna án viðkomu hjá heilsugæslulækni. Hugsa mætti kerfi þar sem sama heildargreiðsla kæmi til af hálfu sjúklings hvort sem hann kemur með tilvísun eða ekki.

Allar breytingartillögurnar eru lagatæknilegs eðlis og mun félagið ekki gera sérsakar athugasemdir við þær útfærslur.

Fyrir hönd Félags Íslenskra Öldrunarlækna

  
Björn Einarsson formaður